

352. Stjórnarfundur haldinn 6. maí 2010 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir og Bjarney. Frá unglingaráði knattspyrnudeildar: Smári, Björn, Brynja og Ragnheiður.

1. Unglingaráð knattspyrnudeildar Keflavíkur.

EH bauð fulltrúa unglingaráðs velkomna á fund aðalstjórnar. Gaf síðan Smára orðið. Smári fór yfir innheimtuna á æfingagjöldum, en mikið er orðið útistandandi. Rætt um rútuferðir á kappleiki og kostnaði sem því fylgir. Ákveðið að EH og Ragnheiður fá fund með Stefáni Bjarkasyni og Ragnari Erni Péturssyni og fari yfir þessi mál.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og hún samþykkt, einnig lágu fyrir fundagerðir funda með badminton- og sunddeild.

3. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍSÍ hjólað í vinnuna, Svar bréf frá ÍSÍ v/ umsóknar í verkefnasjóð ÍSÍ. Keflavík úthlutað eitthundrað og fimmtíu þúsund krónur v/ ritun á áttatíu ára sögu félagsins, Bréf frá Öryggismiðstöðinni skoðunarskýrsla v/ bruna- og þjófavarnakerfis, Bréf frá ÍSÍ v/ samnings við Flugfélag Íslands á fargjöldum og Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra körfuknattleiksdeildar v/ lokahófs.

4. Send bréf.

Sótt um styrk úr Manngildissjóði RNB v/ ritun á áttatíu ára sögu félagsins og sögusýnar sem félagið setti upp í tilefni af afmælinu. Sótt um einkaleyfi á lógói félagsins til Einkaleyfisstofu.

5. Endurskoðun laga félagsins.

EH lagði fram drög af breytingum á lögum félagsins. Farið yfir drögin og ákveðið að vinna en frekar í þeim. Gott innlegg sem fyrstu drög.

6. Leikjaskóli Keflavíkur 2010.

Þrjár aðilar hafa sýnt því áhuga að koma og starfa við leikjaskólann.

7. 17. júní 2010.

EH sagði frá því að búið væri að halda einn fund í nefndinni.

8. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

BI skýrði frá fundi með byggingaraðilum. Umræður um Hringbraut 108. ákveðið að framkvæmdastjóri heyri í Stafnvíkurmönnum um þeirra áform um byggingar á þessum reit. Sýnishorn af kaffistelli lá fyrir og var ákveðið að taka sex einingar sem inniheldur tuttugu og fjörur stykki. Framkvæmdastóra falið að panta stellið og láta merkja það.



Frh.

352. Stjórnarfundur haldinn 6. maí 2010 kl:17:00

9. Fundir með deildum félagsins.

Búið er að halda fund með körfuknattleiks-, knattspyrnu- og Fimleika-, badminton- og sunddeild. Fundagerðir badminton- og sunddeildar lágu fyrir.

10. Önnur mál.

Ákveðið að kaupa stuðningsmannakort af K-klúbbum. KG fór yfir fund sem haldinn var á Nesvöllum með íþrótt- og tómstundasviði RNB. EH lagði fram samstarfssamning við 365. ákveðið að gera þennan samning og framkvæmdastjóra falið málið. BSS kom inn á heimasíðuna. Framkvæmdastjóra falið að athuga með kostnað um að fara yfir í nýja heimasíðukerfið hjá conman. BSS lagði til að í haust yrði gerð könnun meðal skólabarna hvort og hvaða íþróttir þau stunda. Ákveðið að skoða málið nánar með haustinu. Umræður um leikfímikennslu í skólum varðandi hvort íþróttagreinum væri gerð nógu góð skil.

Næsti fundur 20.05. kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

Fundinn ritaði SG

